

Að vera lærisveinn Jesú – Könnun



Með þessu sjálfsprófi getur þú kannað hvar þú ert staddur/stödd á göngunni með Guði. Það eru engin rétt eða röng svör. Svaraðu hverri spurningu eftir bestu vitund. Þannig getur þú séð hvar þú ert núna, en ekki þar sem þú telur þig eiga að vera, eða langar að vera í framtíðinni. Best er að vera hreinskilin(n) þegar þú svarar. Hvorki ofmeta þig né vanmeta.

- Lestu hverja fullyrðingu að neðan og hakaðu síðan í þann dálk sem best á við um þig.

1. Svar við kalli Krists	Mjög viss	Nokkuð viss	Ég held það	Ekki viss	Nei
Ég trúi því að Jesús sé sonur Guðs, Hann hafi dáið fyrir mig, risið upp frá dauðum og að það sé engin önnur leið til Guðs nema í gegnum Hann.					
Ég hef svarað kalli Krists um að taka sinnaskiptum og trúa fragnaðarerindinu.					
Á ákveðnum stað og stund bað ég Jesú um að koma inn í líf mitt.					
Ég hef tekið skírn.					
2. Andlegur vöxtur	Alltaf	Oftast	Stundum	Sjaldan	Aldrei
Ég tek frá tíma á hverjum degi til að vera ein(n) með Guði í bæn, hugleiðingu og lestri Orðsins.					
Bænastundir mínar í hverri viku innihalda lofgjörð, tilbeiðslu, þakkargjörð, játningu, bæn um vilja Guðs og bæn fyrir öðru fólki.					
Ég tala líka við Guð af og til yfir daginn.					
Til viðbótar við daglegan bibluflestur, þá ver ég a.m.k. einni klukkustund á viku í dýpri biblufúrni.					
Á síðustu 12 mánuðum, þá hef ég lagt á minnið nýtt biblíuvers í hverri viku.					
3. Höfðingdómur Krists					
Ég kalla eftir leiðsögn Krists með hvað ég les, heyri, horfi á og hugsa um.					
Ég legg líkama minn fyrir Krist með því að aga mig í mataræði, stunda reglulega hreyfingu og með því að halda huga mínum og líkama hreinum.					
Þegar ég segi eða geri eitthvað rangt, reyni ég að bæta fyrir það, áður en dagurinn er úti, með því að játa það gagnvart Guði og biðja þá fyrirgefningar sem ég hef gert rangt.					
Mér er meira í mun að gjöra vilja Guðs en að láta undan þrýstingi og væntingum manna.					
Ávöxtur andans (<i>kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og sjálfsagi</i>) er greinilegur og sýnilegur í mínu lífi.					
4. Samfélag					
Að minnsta kosti vikulega hitti ég aðra kristna, fæ kennslu og legg stund á lofgjörð, þjónustu, bæn og samfélag.					
Ég tek vikulega þátt í samfélagshópi/heimahópi með öðrum kristnum til fræðslu og uppörvunar.					

Hvað mig snertir þá reyni ég að lifa í sátt og einingu við aðra kristna, sýni kærleika í samskiptum og vilja til fyrirgefningar.					
5. Þjónusta	Alltaf	Oftast	Stundum	Sjaldan	Aldrei
Ég tek virkan þátt í starfi og þjónustu kirkjunnar minnar.					
Ég nota þær andlegu gjafir, sem Guð hefur gefið mér, til að byggja aðra upp.					
Í hverri viku, leitast ég við að hjálpa, hvetja og gera góðverk.					
Reglulega gef ég a.m.k. tíunda hluta tekna minna inn í Guðsríkið					
6. Vitnisburður					
Í hverri viku bið ég fyrir a.m.k. einum ófrelsuðum einstaklingi til frelsis.					
Á síðustu 4 vikum hef ég gert mér far um að kynnast og byggja vináttu við a.m.k. einn ófrelsaðan einstakling.					
Á síðustu 4 vikum hef ég vitnað fyrir a.m.k. einum ófrelsuðum einstaklingi.					
Mitt kristilega lífverni og siðferði er greinilegt gegnum orð mín, viðhorf og framkomu, þeim einstaklingum sem bý og starfa með.					
Á síðustu 4 vikum hef ég hjálpað, haft áhrif á, hvatt, kennt og þjáfað, a.m.k. einn einstakling til að fylgja Jesú.					
SAMTALS „hök“ í hverjum dálki, bæði á fyrri blaðsíðu og þessari:					
MARGFALDAÐU niðurstöðuna með:	x4	x3	x2	x1	x0
NÝJAR SAMTÖLUR:					0

ÞÍN EINKUNN - legðu saman samtölur úr öllum fjórum dálkunum:

Einkunn:	Athugasemdir:
0 - 24	Fylgd þín með Jesú er frekar lítil í dag. Kannski ert þú nýlega komin(n) til trúar eða hefur í raun ekki hafið gönguna. Ertu reiðubúin(n) að svara kalli Krists og verða lærisveinn hans?
25 - 49	Þú ert byrjuð/byrjaður á nokkrum sviðum, en ganga þín með Jesú er enn fálmkennd og fjarlæg. Jesús er að kalla á þig að fylgja sér í meiri nánd.
50 - 79	Þú hefur náð allnokkrum árangri sem lærisveinn Jesú. En að sumu leyti fylgir þú honum með hálfu hjarta. Enn eru mörg svið sem þú þarf að vaxa og þroskast á.
80 – 100	Þú ert komin(n) vel áleiðis sem fylgjandi og lærisveinn Jesú. Þú ert á réttri leið en mikilvæg skref eru samt enn framundan.

Þessi könnun er fyrir þig persónulega. Hún er ekki ætluð til þess að þú berir þig saman við aðra. Hún hjálpar þér vonandi að sjá á hvaða sviðum þú getur enn vaxið og hlýtt kalli Frelsarans af meiri krafti og dýpt.

Áskorun til þín: Hvað finnst þér Jesús vera að segja þér í gegnum þessa könnun? Á hvaða sviðum gætur þú vaxið meira?

Þessi könnun er þýdd og staðfærð af vefsíðunni www.omega-discipleship.com, fyrir hlustendur Lindarinnar. Hægt er að finna þetta eyðublað á www.lindin.is/ertu-laerisveinn/. Ef þú vilt kynna þér möguleika til vaxtar og þroska á göngu þinni með Guði, þá er ítarlegt kennsluefni að finna á erlendu vefsíðunni.